



Ársskýrsla 2019 – 2020



Leikskólinn Ugluklettur
Uglukletti 1
310 Borgarnesi
S: 4337150



Efnisyfirlit

1 Hagnýtar upplýsingar	5
2 Börnin.....	5
3 Starfsmenn.....	6
3.1 Starfsmannasamtöl.....	6
3.2 Niðurstöður Starfsmannapúlsins.....	7
3.3 Leikskólakennaranám	7
3.4 Starfsfólk í gegnum vinnumálastofnun.....	7
3.5 Vinnuskólastarfsmenn	7
4 Foreldrar	7
4.1 Foreldrafundur	7
4.2 Foreldrasamtöl	7
4.3 Fundur með foreldrum nýrra barna	7
4.4 Foreldraráð.....	8
4.5 Foreldrafélag.....	8
4.6 Túlkaþjónusta fyrir foreldra.....	9
5 Innra starf	9
5.1 Starfsáætlun	9
5.2 Skýrslur deildarstjóra.....	10
5.2.1 Grábrók.....	10
5.2.2. Baula.....	14
5.2.3 Skessuhorn	17
5.3 Skýrsla sérkennslustjóra	20
5.4 Starfsdagar	22
5.5 Starfsmannafundir	22
5.6 Deildarstjórafundir.....	22
5.7 Deildafundir.....	22
5.8 Lausnarþeymisfundir	22
5.9 Mat.....	22
5.10 Áætlun um innra mat skólaárið 2019-2020	23
6 Sérstakir dagar á skólaárinu 2019/2020	24
6.1 Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember.....	24
6.2 Jólakaffihúsa-vika 2. – 6. desember	25

Ársskýrsla Leikskólans Uglukletts 2019 – 2020

6.3	Jólaball 12. desember	25
6.4	Strákakaffi	25
6.5	Stelpukaffi	25
6.6	Útskriftarferð og útskrift Fálkanna	25
6.7	Brákarganga	25
7	Heimsóknir	26
8	Samstarf leik-og grunnskóla.....	26
9	Öryggismál	26
10	Covid-19.....	27
11	Lokaorð	31

Formáli

Ársskýrsla þessi tekur til skólaársins ágúst 2019 – júlí 2020. Hún byggir á því starfi sem unnið hefur verið í leikskólanum Uglukletti síðastliðið skólaár. Skýrslunni er ætlað að vera upplýsandi fyrir hvað gert hefur verið í Uglukletti á skólaárinu og skrá þar með sögu Uglukletts.

1 Hagnýtar upplýsingar

Heimilisfang: Leikskólinn Ugluklettur Uglukletti 1, 310 Borgarnesi

Símanúmer skólans: 433-7150

Leikskólastjóri: Kristín Gísladóttir kristing@borgarbyggd.is

Aðstoðarleikskólastjóri: Elín Friðriksdóttir elinf@borgarbyggd.is

Heimasíða: www.ugluklettur.leikskolinn.is

Leikskólinn Ugluklettur er þriggja deilda leikskóli sem hóf starfsemi sína 14. ágúst 2007. Í leikskólanum eru 65 börn. Opnunartími leikskólans er frá kl. 7:45 til 16:30. Sveitarfélagið Borgarbyggð er rekstraraðili leikskólans en málefni hans falla undir fræðslunefnd Borgarbyggðar.

2 Börnin

Þann 1. feb 2020 dvöldu 65 börn í leikskólanum með mislanga vistunartíma.

Fjöldi barna eftir árgöngum og kyni 1. feb 2020

Börn alls

strákar	29
stelpur	36
samtals	65



Náttúruskoðun í fjörunni

3 Starfsmenn

Starfshlutfall %	100	90 - 99	70-89	40-69	20-39	Alls
Fjöldi	14	1	6	3	1	25

Í maí 2020 störfuðu 25 starfsmenn í Uglukletti í mismunandi starfshlutföllum fyrir utan ræstingu og tölvuvinnu.

Nokkrar breytingar voru á starfsmannahaldi skólaárið 2019-2020, meðal annars vegna aukina barnagilda fyrir ákveðna árganga, sú breyting tók gildi áramótin 2020.



Unnið með form og liti.

3.1 Starfsmannasamtöl

Leikskólastjóri og deildarstjórar skiptast á milli ára að taka starfsmannasamtöl. Árið 2020 voru starfsmannasamtölin tekin í febrúar, deildarstjórar tóku samtölin við sína undirmenn og leikskólastjóri tók samtöl við starfsmenn eldhús, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra. Í starfsmannasamtöllum er farið yfir líðan og væntingar starfsmanna, starfsánægju og skipulag skólans. Í starfsmannasamtöllum gefst starfsfólki tækifæri til að koma með ábendingar um starfshætti skólans og ræða um það sem brennur á þeim varðandi starfið og starfsumhverfi. Leikskólastjóri ber ábyrgð á því að taka ábendingar starfsfólks til umfjöllunar og reyna eftir fremsta megni að vinna að úrbótum. Niðurstöður samtalana voru þau að starfið gengur almennt vel og starfsfólk ánægt. Hins vegar var aðstaða starfsmanna oft nefnd sem tækifæri til sóknar.

Aðbúnaður starfsfólks og rými til dæmis til undibúnings og geymslu á fatnaði bar þar helst á góma.

3.2 Niðurstöður Starfsmannapúlsins

Starfsmannakönnun leikskóla var gerð af Skólapúlsinum og lögð fyrir í febrúar 2020. Niðurstöður hans voru einkar ánægjulegar fyrir alla starfsmenn þar sem könnunin kom mjög vel út og starfsmenn stoltir af sínu starfi. Helst þættirnir sem voru ábótavant var starfsmannaaðstaða og að leikskólakennurum fannst vanta fleiri tíma í undirbúning.

3.3 Leikskólakennaranám

Sjö starfsmenn í Uglukletti voru í mastersnámi í leikskólakennarafræðum þennan veturinn.

3.4 Starfsfólk í gegnum vinnumálastofnun

Tveir starfsmenn sem eru í gegnum vinnumálastofnun í samtals 40% stöðu eru í Uglukletti. Einn starfsmaður kom til okkar í hlutastarf í 2 mánuði í starfsprófun.

3.5 Vinnuskólastarfsmenn

Enginn starfsmaður kom til starfa hjá okkur á vegum vinnuskólans þetta árið vegna Covid 19.

4 Foreldrar

4.1 Foreldrafundur

Í september var foreldrafundur þar sem foreldrum voru kynntar helstu áherslur á komandi skólaári. Var fundurinn kl 9.00 og var nokkuð vel sóttur.

4.2 Foreldrasamtöl

Samhliða innleiðingu á TRAS breyttist fyrirkomulag á foreldrasamtölum en nú er það þannig að þau eru tekin í afmælimánuði barnsins og svo er boðið upp á annað viðtal 6 mánuðum seinna.

4.3 Fundur með foreldrum nýrra barna

Einu sinni til tvisvar á ári (allt eftir aðstæðum) er fundur með foreldrum nýrra barna. Til þessa fundar eru boðaðir allir þeir foreldrar sem eru að byrja með barnið sitt í leikskólanum á komandi misserum og er tilgangur fundanna að útskýra aðlögunarferlið og starfsemi leikskólans. Fundurinn 2020 var ekki haldinn þar sem heimsfaraldur Covid-19 varð til þess að við gátum ekki boðað foreldra í hús. Í staðinn var reynt eftir fremsta megni að uppfæða foreldra í gegnum síma.



Drullumall í útielldhúsinu.

4.4 Foreldraráð

Við leikskóla skal kjósa ár hvert í foreldraráð (skv. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90) að lágmarki þrjú foreldra. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskólans og nefnda (sbr. 2. gr. 4. gr laga um leikskóla) um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Ráðið fylgist einnig með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Ráðið setur sér starfsreglur og starfar leikskólastjóri með ráðinu. Helstu verkefni foreldraráðsins á þessu skólaári var að lesa yfir skóladagatal og koma með umsagnir um smávægilegar breytingar sem gerðar voru. Öll samskiptin fóru í gegnum tölvupóst.

Skólaárið 2019-2020 sitja eftirtaldir í foreldraráði:

- Kristín Markúsdóttir
- Anna Sólrún Kolbeinsdóttir
- Karina Nielsen

4.5 Foreldrafélag

Markmið foreldrafélagsins og hlutverk er að efla tengsl foreldra/forráðamanna og starfsfólks, auka þátttöku foreldra/forráðamanna í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna sem best. Félagið stendur fyrir fyrirlesturum, ýmsum uppákomum og ferðum. Einnig getur foreldrafélagið styrkt leikskólann til kaupa á ýmsum kennslugögnum og leikföngum. Helstu verkefni foreldrafélagsins á þessu skólaári var að koma að jólaballinu en það sá um heimsókn jólasveinsins og það sem hann kom með.

Skólaárið 2019-2020 sitja eftirtaldir í stjórn foreldrafélagsins:

- Formaður: Heiðdís Rós Svavarsdóttir
- Varaformaður: Íris Gunnarsdóttir
- Meðstjórnandi: Jóhanna Marín Björnsdóttir
- Gjaldkeri: Skúli Guðmundsson

4.6 Túlkaþjónusta fyrir foreldra

Til að foreldrar geti gætt hagsmuna barna sinna og gagnkvæm upplýsingarráðgjöf milli foreldra og skóla sé greið er foreldrum, sem ekki tala íslensku eða nota táknmál, boðið að fá túlkun á upplýsingum sem taldar eru nauðsynlegar vegna þessara samskipta. 7 börn voru tvítyngd í Uglukletti á síðasta skólaári og kallað var eftir túlki í samtál 7 tilvikum. Allt voru það símatúlkanir.

5 Innra starf

5.1 Starfsáætlun

Í starfsáætlun voru helstu áhersluatriðin: Teymiskennsla, styrkleikamiðuð nálgun, innleiðing barnasáttmála sameinuðupjóðanna, skjalavarsla og persónuverndaráætlun.

Teymiskennsla byggir á faglegri samvinnu tveggja eða fleiri kennara sem hafa yfirumsjón með ákveðnum nemendahópi og eiga að taka ábyrgð á líðan, námi og velgengni þeirra nemenda. Í því felst einnig að tveir eða fleiri kennarar leggi saman krafta sína, hæfileika, áhuga og hjargir og beri sameiginlega ábyrgð á kennslu í tilteknum nemendahópi. Þetta hefur gengið vel í Uglukletti og höfum við lagt upp með að skipuleggja undirbúningstíma kennara og starfsemina þannig að kennarar geti unnið saman og ígrundað störf sín í sameiningu.



Sápukúlufjör.

Styrkleikamiðuð nálgun er hugmyndafræði sem byggir á því að nýta þá styrkleika sem hver og einn hefur til þess að efla sig og aðra. Þau tæki og tól sem við nýtum okkur í Uglukletti eru öll til þess fallin að ýta undir styrkleika hvers og eins. Eins byggir þetta á starfsháttum og því

hvernig við komum fram hvert við annað og hvaða augum við lítum á lífið. Klárleg munum við halda áfram að efla okkur á þessari braut.

Vel gekk að innleiða Barnasáttmáli sameinuðuþjóðanna og á þessu ári unnum við með fjórar greinar.

3. grein það sem er barninu fyrir bestu.

2. grein sem er um jafnræði og bann við mismunun

12. grein réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif

6. grein réttur til lífs og þroska.

Var unnið með þessar greinar í takt við þemu og gildi samkvæmt námsáætlunum. Reyndist þetta vel og munum við halda áfram að vinna með þetta.

Sérkennslustjóri tók skjalavörsluna sem tilraunaverkefni og er komið þétt og gott utanumhald í kringum það, eins og lög gera ráð fyrir og munum við halda áfram að tileinka okkur þau vinnubrögð.

Persónuverndaráætlun Uglukletts er fullunnin og samþykkt.

5.2 Skýrslur deildarstjóra

5.2.1 Grábrók

Nemendur á Grábrók voru 27 talsins, 18 börn fædd 2015 (8 strákar og 10 stelpur) og 9 börn fædd 2014 (4 strákar og 5 stelpur).

Starfsmenn deildarinnar voru 6 talsins og af því var 1,5 sérkennslustöðugildi; 2 leikskólakennarar, 1 uppeldis- og menntunarfræðingur, 3 leiðbeinendur. Starfsmenn voru í misjöfnum starfshlutföllum.

Helstu áherslur deildarinnar:

Í vetur var lögð mest áhersla á samskipti og líðan barnanna í hópnum. Unnið var út frá vináttuverkefni Barnaheilla og ýmsum öðrum þáttum sem tengjast vináttu og virðingu. Lögð

var sérstaklega áhersla á þau gildi sem tengjast vináttuverkefningu þ.e. virðing, umburðarlyndi, umhyggja og hugrekki og það fléttað saman við þau þemaverkefni sem unnin voru hverju sinni.

Við leggjum mikla áherslu á leikinn og að læra í gegnum leik og miðar kennslan á Grábrók að miklu leyti í gegnum leikinn og eru kennarar meðvitaður um að taka þátt og styðja börnin í leik.



Leikur með opinn efnivið.

Kennsluhættir/skipulag kennslu:

Í Uglukletti er opið dagsskipulag sem þýðir að ekki eru niður negldar stundatöflur þó svo nokkrir fastir punktar séu í starfinu. Hluti af dagskipulaginu er stöðvarvinna þar sem kennarar vinna á ákveðnum stöðvum og börnin geta valið sér þau verkefni sem vekur áhuga hjá þeim. Stöðvavinnan tekur mið af grunnþáttum aðalnámskrár.

Samverustundir voru tvær yfir daginn. Fyrir hádegismat var börnunum skipt í hópa eftir árgöngum og var unnið með hvern árgang fyrir sig, yngri árganginu var skipt upp í tvo hópa. Eftir hádegismat var yngri árganginum einnig skipt í tvo hópa þar sem voru 9 börn í hverjum hópi. Í þessum stundum var unnið að námsþáttum aðalnámskrá og áhersluþáttum í skólanámskrá Uglukletts.

Við skiptum vetrinum upp í nokkur tímabil þar sem unnið er eftir ákveðnu þema. Þessi þemu eru síðan unnin út frá könnunaraðferð. Í september og október var unnið með þemað „ég sjálfur“ og „virðing“. Unnin voru ýmis verkefni þessu tengt svo sem rætt um hollustuhættir, hreyfing, slökun og líðan og það útfært með ýmsum hætti. Eldri hópurinn æfði sjálfstraustið til dæmis með því að koma fram fyrir hóp og mikið var rætt um virðingu fyrir sjálfum sér, hvert öðru, dýrunum og gróðrinum í náttúrunni okkar.

Í nóvember og desember var unnið þemaverkefni tengt samfélaginu og umburðarlyndi. Yngri hópurinn vann verkefni tengt heimabænum Borgarbyggð. Þau fóru í gönguferðir og skoðuðu ýmsar byggingar í bæjarfélaginu, skoðuðum húsin okkar og lærðum götuheiti, tókum myndir

af börnunum fyrir framan heimili sín, teiknuðum myndir af húsum og bjuggum til úr öðrum efnivið. Heimsóttum nokkur fyrirtæki og stofnanir í bæjarfélaginu og fengum fræðslu þar. Eldri hópurinn heimsótti sömu fyrirtæki og sá yngri og gerði æfingar sem tengjast umburðarlyndi. Meðal annars var notast við „áhrifahringinn“, hverju getum við stjórnað og hverju ekki?

Jólagjafir: Í vetur var lagt mikið upp úr verkefni tengt jólagjöfum barnanna til foreldra sinna. Hvert barn útbjó jólagjafir til sinna foreldra eftir sínum hugmyndum og getu. Þegar hugmyndin af gjöfinni var komin fór ákveðið ferli í gang þar sem börnin útfærðu sína hugmynd og kennarar skráðu niður. Með gjöfinni fylgdi síðan myndaskráning frá hverju og einu barni.

Í janúar og febrúar var þemaverkefnið tengt **vísindum**. Við gerðum allskyns tilraunir með vatni, litum, bleki, matvælum og fleiru. Spáðum í þéttleika, þyngdarafli o.s. frv.

Gjörningarvika var á döfnni hjá okkur í febrúar þar sem unnið var með allskyns verðlausan efnivið og sköpunargleðin látin ráða för. Við gerðum pappír, bjuggum til kúlubrautir og beinagrind úr hólkum og unnum með liti og málingu svo eitthvað sé nefnt

Skólastarfið hjá okkur í mars og fram í maí einkenndist mikið af því ástandi sem skapaðist í þjóðfélaginu vegna **COVID-19**. Börnum og starfsfólki á deildinni var skipt upp í tvo hópa og starfið inná deild varð mjög ólíkt því sem við áttum að venjast, þar sem við mættum hverjum degi eins og hann kom fyrir. Barnahóparnir unnum smá verkefni á hverjum degi þar sem þau skrifuðust á sín á milli og skildu eftir skilaboð og verkefni fyrir hinn hópin til að leysa. Við tókum slökun daglega, bæði hugleiðslu og einnig slökun þar sem við hlustuðum á sögur og rólega tónlist, einnig vorum við dugleg að vera úti í náttúrunni, fara í gönguferðir og tína rusl sem á vegi okkar varð og flokka.



Sjóræningjaverkefni.

Í maí þegar skólastarfið fór að komast í eðlilegra horf og börn og starfsfólk gátu haft eðlilega viðveru þá unnum við þemaverkefni um sjóræningja. Við lásum sjóræningjasögur, bjuggum til sjóræningjabingó, fórum í vettvangsferðir þar sem við fundum fjársjóð, gerðum

sjóræningjafána fyrir sjóræningjaskip sem við fundum í fjörunni, bjuggum til fjársjóðskistu, sjónauka og margt fleira.

Eldri hópurinn undirbjó útskriftina sína og æfðu atriði sem þau sýndu fyrir gesti á útskriftardaginn ásamt því að fara í útskriftarferð.

Í júní var **víkingaþema** hjá okkur, við teiknuðum og máluðum víkinga, gerðu víkingaskart, skoðuðum veraldarvefinn og fengum þannig fræðslu um víkinga. Í lokin ffórum við í Brákargöngu þar sem við gengum leiðina sem Þorgerður Brák fór, við stoppuðum á nokkrum áfangastöðum og lékum litla leikþætti úr Egilssögu. Eldri hópurin hafði með sér flöskur og dósir sem þau höfðu safnað saman í gönguferðum vertrarins og fór með þær í Ölduna úti í Brákarey. Þar sem þau fengu peninga fyrir þær sem þau gáfu til Félags einstakra barna.

Lubbi finnur málbein

Í janúar byrjuðum við á verkefni þar sem unnið var með máhljóðin í Lubba. Verkefnið var útfært á þann hátt að tengja það við samfélagið þar sem Lubbi fór á milli landshluta á Íslandi. Elstu börnin gerðu kort af Íslandi með aðstoð kennara og síðan var kortið notað til að merkja inn staðina sem Lubbi fór á og rætt um þá um leið og lesin örsaga tengt máhljóðinu. Öll börnin á deildinni tóku þátt í verkefninu og var þeim skipt upp í fjóra hópa og unnin verkefni tengt máhljóðunum sem voru tekin fyrir hverju sinni ásamt öðrum verkefnum eins og stærðfræði, hljóðkerfisvitun, sköpun og fleira.

Tónlist

Í vetur fóru öll börnin á Grábrók í tónlist einu sinni í viku þar sem ákveðin starfsmaður sá um þær stundir og lagði fyrir og vann ákveðin tónlistarverkefni.

Jóga

Síðastliðinn vetur var starfandi jógakennari á leikskólanum og fóru öll börnin í jóga einu sinni í viku.

Skátahús

Börnin voru í skátahúsinu þriðju hverja viku þar sem mikil áhersla var lögð á útikennslu. Þarna fá börnin tækifæri til að kynnst umhverfi skólans og vinna saman í minni hópum og þannig efla félagsfærni og samvinnu.

Starf elstu barna

Í vetur hafa elstu börnin farið í íþróttahúsið einu sinni í viku ásamt elstu börnum á Leikskólanum Klettaborg. Þarna fá börnin tækifæri til að kynnst ýmsum íþróttagreinum þau kynnst sín á milli ásamt því að kynnst umhverfi íþróttahússins.

Samstarf leik- og grunnskóla

Í febrúar og mars fóru börnin í grunnskólaheimsóknir og fór hvert barn í tvær heimsóknir. Þar borðuðu þau morgunmat í nýja matsal grunnskólans, kynntust starfsemi „Búbblunnar“ sem er

slökunar og núvitundarherbergi grunnskólans. Fengu að kynnast einhverjum af þeim list- og verkgreinum sem kenndar eru í grunnskólanum. Ásamt því að taka þátt bekkjarstarfinu með 1. bekk sem kennarar skipulögðu og unnu saman með hópana.

Á vormánuðum fóru börnin í vorskólann sem var unnin og skipulagður í samvinnu við grunnskólann. Þar fengu þau tækifæri til þess að kynnast starfinu í grunnskólanum enn betur ásamt tilvonandi bekkjarfélögum sínum úr leikskólanum Klettaborg.

Málþroskaskimun; Tras er gert á öllum börnum frá 2ja ára aldri og fer skimunin fram 2 svar á ári .



Allir leggja hönd á plóginn.

Foreldrasamstarf á deildinni

Venjulega eru foreldraviðtöl tvö á skólaárinu og eru þau tekin í beinu framhaldi af TRAS málþroskaskimuninni. Í viðtölunum er farið yfir skimunina, líðan barnanna og hvernig gengur almennt í leikskólanum. Þar sem að ekki var hægt að boða foreldra í seinna viðtalið vegna aðstæðna af völdum covid þá voru sendar upplýsingar til foreldra í tölvupósti og rætt við þá í gegnum síma.

Deildarstjóri og hópstjórar sendu tölvupóst á foreldra reglulega þar sem þeir voru upplýstir um þau verkefni sem verið var að vinna hverju sinni ásamt öðrum upplýsingum sem við átti hverju sinni.

5.2.2. Baula

Nemendur á Baulu voru 27 talsins í lok skólaársins, 11 börn fædd 2016 (8 stelpur og 3 strákar) og 15 börn fædd 2017 (8 stelpur og 7 strákar)

Starfsmenn deildarinnar voru 6 talsins og af því voru 4 leikskólakennarar og 2 leiðbeinendur í misjöfnum starfshlutföllum.

Helstu áherslur deildarinnar:

Á Baulu leggjum við mesta áherslu á að börnunum líði vel í leikskólanum og samskipti. Við viljum að börnin finni að þau eru örugg í daglegu starfi hjá okkur. Við vinnum útfrá vináttuverkefni Barnaheilla sem tengist vináttu og virðingu. Lögð er sérstaklega áherslu á umburðarlyndi, virðingu, hugrekki og umhyggju sem eru þau gildi í vináttuverkefni sem við vinnum með og þau flétt inn í þemaverkefni hvers mánaðar.

Við leggjum einnig áherslu á að börn læra í gegnum leik og tileinki sér góða félagsfærni. Kennslan á Baulu er miðuð mikið við að læra í gegnum leik og eru kennarar meðvituð um að taka þátt og styðja við börnin í leik. Við vinnum með fjölbreyttan efnivið, t.d. könnunarleik sem vekur áhuga og forvitni barnanna.

Kennsluhættir/skipulag kennslu:

Í Uglukletti er opið dagsskipulag sem þýðir að ekki eru niður negldar stundatöflur þó svo nokkrir fastir punktar séu í starfinu. Hluti af dagskipulaginu er stöðvarvinna þar sem kennarar vinna á ákveðnum stöðvum og börnin geta valið sér þau verkefni sem vekur áhuga hjá þeim. Stöðvavinnan tekur mið af grunnþáttum aðalnámskrár.

Samverustundir voru tvær yfir daginn. Fyrir hádegismat voru börn yngri árgangsins skipt í hópa og unnið með áherslur námsþátta aðalnámskrá skólanámskrá Uglukletts. Eftir hádegismat voru börn eldri árgangsins svo skipt í hópa og einnig var unnið að námsþáttum aðalnámskrá og áherslupáttum í skólanámskrá Uglukletts.

Við skiptum vetrinum upp í nokkur tímabil þar sem unnið er eftir ákveðnu þema. Þessi þema eru síðan unnin út frá könnunaraðferð. Í september og október var unnið með þemað „ég sjálfur“ og „virðing“. Unnin voru ýmis verkefni þessu tengt svo sem rætt um hollustuhættir, hreyfing, slökun og líðan og það útfært með ýmsum hætti. Eldri hópurinn æfði sjálfstraustið til dæmis með því að koma fram fyrir hóp og mikið var rætt um virðingu fyrir sjálfum sér, hvert öðru, dýrunum og gróðrinum í náttúrunni okkar. Yngri hópurinn æfði sjálfstraustið með að segja hvað þau heita fyrir framan hópinn.

Í nóvember og desember var unnið þemaverkefni tengt **samfélaginu** og **umburðarlyndi**. Eldri hópurinn vann verkefni tengt heimabænum Borgarbyggð. Þau fóru í gönguferðir og skoðuðu ýmsar byggingar í bæjarfélaginu. Heimsóttum nokkur fyrirtæki og stofnanir í bæjarfélaginu og fengum fræðslu þar. Yngri hópurinn voru með ýmsar leikir sem tengjast umburðarlyndi „pláss fyrir alla“.

Jólagjafir: Í vetur var lagt mikið upp úr verkefni tengt jólagjöfum barnanna til foreldra sinna. Árgang 2016: Hvert barn útbjó jólagjafir til sinna foreldra eftir sínum hugmyndum og getu. Þegar hugmyndin af gjöfinni var komin fór ákveðið ferli í gang þar sem börnin útfærðu sína hugmynd og kennarar skráðu niður. Með gjöfinni fylgdi síðan myndaskráning frá hverju og einu barni. Árgang 2017: hvert barn útbjó sína eigin jólagjöf og fékk hjálp frá kennara til að pakka svo gjöfina sína inn.

Jóga

Síðastliðinni vetur starfaði jógakennari í leikskólanum og fóru börnin í jóga 1x í viku

Þemavinna

Í janúar og febrúar var þemaverkefnið tengt **vísindum**. Við gerðum allskyns tilraunir með vatni, litum, bleki, matvælum og fleiru. Spáðum í þéttleika, þyngdarafli o.s. frv.

Covid-19

Skólastarfið breyttist snemma á þessu ári, Covid – 19 birtist og í mars greindist starfsmaður leikskólans með Covid -19. Leikskólanum var því lokaður í kjölfarið. Í fyrstu þegar við opnuðum aftur var starfið breytt og börnin á Baulu skipti upp í 2 hópa. Hóparnir voru aldurskipt og voru 2 deildir opnir. Á hverjum degi gerðu börnin eitthver verkefni sem þau máttu svo taka með sér heim. Það var slökun á hverjum degi eftir hádegismat og var þá hlustað á sögu eða róleg tónlist. Við nutum þess að geta farið út að leika og farið í gönguferðir. Starfsfólkið var einnig skipt upp á deildum og var það þannig fram í maí. Þá opnuðum við aftur Baulu og með breyttu sniði. Foreldrar fengu ekki að koma inn í leikskólann og komu börnin inn um svalahurðina og fórum svo út seinni partinn rétt áður en foreldrar sóttu börnin sín. Börnin á Baulu tóku þessum breytingu með ró og virtust sem ánægð og glöð að við skildum hafa þetta svona og við starfsfólkið á deildinni fundum líka fyrir hvað börnin voru ánægð og glöð og tóku þessu öllu með ró. Skólastarfið fór aftur í nánast eðlilegt horf aftur og voru þá fleiri börn af yngri hópnum hætt að sofa og þá hægt að gera meira starf með þeim í hádeginu.

Í maí til ágúst var sumar þema og einkenndist af víkingaleikir/Egilssaga og umhverfið. Öll börnin gerðu hálsmen með starf sinn í rúnum og lærðu aðeins um víkingar. Eldri hópurinn fór í göngu með elstu 2 árganga í leikskólanum og lærðu um Egil skallagrím og víkinga. Við vorum mikið úti og notuðum umhverfið í kring um leikskólann.

Deildarstjóri og hópstjórar sendu tölvupóst á foreldra reglulega þar sem þeir voru upplýstir um þau verkefni sem verið var að vinna hverju sinni ásamt öðrum upplýsingum sem við átti hverju sinni.

Lubbi finnur málbein

Í vetur unnum við með að læra máhljóðin og yngri hópurinn byrjaði á íslenska máhljóðastafrófið og tókum við 3 hljóð á 3 vikum og hlustuðu börnin á lögin og æfðu að segja hljóðin. Eldri hópurinn unnu ýmis verkefni tengt máhljóðin í minni hópum.

Tónlist

Í vetur fóru öll börnin á Baulu í tónlist einu sinni í viku þar sem ákveðin starfsmaður sá um þær stundir og lagði fyrir og vann ákveðin tónlistarverkefni.

Málþroskaskimun;

Tras er gert á öllum börnum frá 2ja ára aldri og fer skimunin fram 2 svar á ári .

Foreldrasamstarf á deildinni

Á Baulu eru haldin 2 foreldraviðtöl, eitt að hausti og eitt að vori. Fyrra viðtalið er haldið stuttu eftir að kennarar hafa gert TRAS fyrir hvert barn og farið yfir allt það helsta. Seinna viðtalið er svo í framhaldi af fyrra viðtalinu. Á þessu skólaári varð ekkert úr seinna viðtalinu þar sem covid-19 birtist og allt starf breyttist í leikskólanum. Við notumst við ljósmyndaskráningu og sendum á foreldra hvað börnin eru að fást við í daglegu starfi. Karelle er einnig notuð í samskipti við foreldra. Foreldrar eru ánægð að geta séð hvað börnin eru að gera á daginn í leikskólanum og einnig séð skráningu um svefn hjá yngri börn deildarinnar.

5.2.3 Skessuhorn

Nemendur á Skessuhorni voru 14 talsins í lok skólaársins, 12 börn fædd 2018 (5 stelpur og 7 strákar) og 2 börn fædd 2019 (2 strákar).

Starfsmenn deildarinnar voru 5 talsins og af því var 1 leikskólakennari og 4 leiðbeinendur í misjöfnum starfshlutföllum.

Helstu áherslur deildarinnar:

Á Skessuhorni leggjum við mesta áherslu á að börnunum líði vel í leikskólanum og tengist bæði börnum og starfsfólki á deildinni. Við viljum að börnin finni að þau séu örugg í daglegu starfi í leikskólanum og að þau séu glöð í leik með öðrum börnum.

Einnig er lögð áhersla á samskipti og að börnin læri að leika sér og tileinki sér góða félagsfærni. Leikurinn er í fyrirrúmi á deildinni og viljum við að börnin læri í gegnum leik og fái stuðning frá kennurum svo að það geti átt sér stað. Mikið er unnið með söng, könnunarleik og annan fjölbreyttan efnisvið sem vekur áhuga og forvitni barnanna.



Samvinna.

Kennsluhættir/skipulag kennslu:

Í Uglukletti er opið dagskipulag og vinna eldri deildir með stöðvavinnu. Börnin á Skessuhorni fara ekki fram af deildinni í byrjun skólaárs en þegar þau venjast daglegu starfi í leikskólanum fá þau að heimsækja Baulu í litlum hóp í fylgd með starfsmanni af Skessuhorni. Á Skessuhorni bjóðum við því upp á mismunandi viðfangsefni sem börnin fá að ganga í og er einnig boðið upp á könnunarleik á hverjum degi og fá börnin að velja hvað þau fást við hverju sinni.

Skynjun

Á Skessuhorni höfum við stórt kar sem við notum við alls kyns leik. Í karið setjum við efnivið sem hefur mismunandi áferð og fá börnin að leika þar og prófa sig áfram. Í karið höfum við sett sand, grjón, pasta, snjó og sápuvatn.

Samverustund

Á Skessuhorni er samverustund fyrir hádegismat. Meðan allir fara að þvo sér og fá hreina bleyju sest starfsmaður með hinum börnunum með tónlistarkassa og er með samveru/söngstund. Notum við alls kyns handhreyfingar, brúður og annan efnivið til að gera stundina spennandi og fá börnin til að taka þátt og vekur það mikla gleði.

Jóga

Síðastliðinni vetur starfaði jógakennari í leikskólanum og kom hún inn á Skessuhorn 2 í mánuði og hélt notalega jógastund með börnunum.

Foreldrasamstarf á deildinni

Á Skessuhornin eru alla jafna tvö foreldraviðtöl. Annað er tekið stuttu eftir að aðlögun lýkur og er kallað aðlögunarviðtal. Þar er farið yfir það hvernig aðlögunin gekk og hvernig hefur gengið eftir að henni lauk. Seinna viðtalið er tekið um vorið og farið yfir starfið með börnunum, líðan barnanna og annað sem þarf að ræða með foreldrum. Á þessu skólaári varð ekkert af seinna viðtalinu þar sem covid-19 birtist og allt starf breyttist eins og fjallað er um hér neðar.

Þar sem börnin eru mjög ung á deildinni er ekki mikið um lokaafurðir úr starfinu (listaverk, fönður og þess háttar) en þess í stað notumst við mikið við ljósmyndaskráningu. Þá myndum við ferlið sem á sér stað þegar unnið er með alls kyns efnivið og deilum því svo með foreldrum í gegnum Karellen svo foreldrar geti séð hvað börnin þeirra eru að fást við í daglegu starfi. Foreldrar hafa verið mjög ánægðir með að geta séð við hvað börnin þeirra eru að fást í daglegu starfi á leikskólanum og er Karellen einnig notað til samskipta við foreldra.

Covid-19

Snemma á árinu byrjaði Covid-19 að gera vart við sig í samfélaginu og í mars mánuði greindist starfsmaður á leikskólanum með Covid-19. Leikskólanum var í kjölfarið lokað í nokkra daga og er hann opnaði aftur var ýtrustu varúðar gætt við smitvarnir og upphaf starfs í breyttu umhverfi. Starfólki var skipt upp í hópa til að gæta að 2 metra reglunni og þá fengu einungis forgangshópar að mæta í leikskólann. Foreldrar fengu þá heldur ekki að koma inn á leikskólann. Á Skessuhorni mættu alla jafna 6 börn hvern dag með 2-3 starfsmönnum á þessum tíma. Engin foreldraviðtöl voru og breyttust fastir liðir skólustarfsins. Í byrjun maí byrjuðu svo allir að mæta aftur, börnin á Skessuhorni tóku þessum breytingum öllum með ró og virðist sem þetta ástand hafi lítil áhrif haft á þau. Einnig voru starfsmenn sammála um að starfið hefði gengið mjög vel miðað við þær aðstæður sem voru í skóla og í samfélaginu almennt.



Fjörufurð.

5.3 Skýrsla sérkennslustjóra

Sérkennsla í leikskólanum Uglukletti veturinn 2019-2020

Lögð er áhersla á að sérkennsla í Uglukletti fari að mestu fram inni á deild barnanna í starfi leikskólans. Einnig er unnið með einstaka börn einstaklingslega í sérkennslurými leikskólans. Öll börn sem eru með frávík í þroska sem verið er að vinna með í leikskólanum eiga einstaklingsnámskrá sem stuðst er við í vinnunni. Einstaklingsnámskrárnar eru endurskoðaðar á 6-8 vikna fresti, ný markmið sett inn og þær aðferðir sem verið er að nýta til að ná þeim, endurmetnar. Fundað hefur verið reglulega með foreldrum þeirra barna sem eiga einstaklingsnámskrá í þeim tilgangi að endurmeta markmið í samráði við þá. Börn sem einungis eru með frávík í framburði hafa ekki átt einstaklingsnámskrá, haldið hefur verið utan um markmið þessara barna með sérstakri skráningu þar sem þau hljóð sem verið er að vinna með hverju sinni koma fram og framvindan er skráð. Teymi hafa verið starfandi í kringum tvö börn vegna velferðar þeirra og náms í vetur. Aðkoma Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins hefur verið mjög regluleg vegna þessara mála og hafa starfsmenn þaðan komið á formlega teymisfundi en einnig til að meta stöðuna á milli funda, aðstoða með þau hjálpartæki sem hefur þurft að nýta í vetur og gefa góð ráð.

Sérfræðipjónusta Borgarbyggðar hefur að takmörkuðu leiti komið að vinnu við mál vetrarins, fulltrúi þaðan hefur setið þá teymisfundi þar sem þess hefur verið óskað. Talmeinafræðingar hafa komið reglulega í leikskólann til þess að meta bæði framburðarvanda og málþroska barna. Að loknu mati hafa þeir skilað af sér skýrslum til foreldra og leikskóla sem unnið hefur verið eftir. Í vetur hafa sálfræðingar sveitarfélagsins komið að mati á einu barni, en ekki var frekari þörf í leikskólanum á aðkomu þeirra.

Lausnateymi leikskólans hefur fundað reglulega í vetur. Í lausnarteyminu sitja sérkennslustjóri, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Tilgangur teymisins er að skoða og samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð í leikskólanum.

Þegar takmarkanir vegna heimsfaraldursins af völdum covid-19 komu til, féllu allir fundir í leikskólanum niður, þar með taldir fundir vegna einstakra bara sem njóta sérkennslu. Áfram var unnið í ljósi einstaklingsáætlaana með börnin og þær endurmetnar í leikskólanum, samskipti við foreldra fóru í auknum mæli gegnum síma og takmörkuðust af þeim tilmælum sem voru í gildi hverju sinni. Þetta ástand setti svip sinn á samstarf við foreldra og sérfræðinga utan leikskólans en það unnu allir eins vel og mögulegt var að því að sinna þörfum barnanna með þroska þeirra og velferð að leiðarljósi.

Ársskýrsla Leikskólans Uglukletts 2019 – 2020

Helstu skimanir sem stuðst er við í leikskólastarfinu

		Framkvæmd	Tímasetning
Tras	Öll börn leikskólans frá 2-5 ára	Deildarstjórar leikskólakennarar og	2 mánuðum eftir 2 ára afmæli barns og síðan á 6 mánaða fresti eftir það
Hljóm 2 próf	Fálkar, elstu börn leikskólans	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri	September endurmat í febrúar
AEPS skimun	Börn sem þurfa stuðning við nám sitt	Sérkennslustjóri	Í fyrsta skipti ef ástæða þykir til og síðan endurmetið á 6-8 mánaða fresti
Orðaskil	Nýtt til að meta stöðu orðaforða hjá einstökum börnum	Sérkennslustjóri	Þegar barnið er á bilinu 1 ½ til 3ja ára.



Uppbygging.

5.4 Starfsdagar

Starfsdagar Uglukletts voru 6 á skólaárinu 2019/2020.

- 13. september: Fundur var með öllum starfsmönnum þar sem skólaárið framundan var undirbúið ásamt deildafundum. Greiningarstöð var einnig með erindi.
- 30. október: Leiðtoganámskeið í Reykholti.
- 2. janúar: sameiginlegur fundur allra starfsmanna, deildarfundir og Fyrirlestur um upplifun móður einhverfs barns.
- 2. mars: Fundur allra starfsmanna, kynning á tengslavanda auk þess sem farið var yfir skólafestu Borgarbyggðar og skólanámskrá Uglukletts.
- 16. mars: Auka starfsmannafundur til að skipuleggja viðbrögð vegna Covid 19.
- 8. maí: Næstu skref vegna Covid 19 rædd, starfsmannafundur og deildarfundir.

5.5 Starfsmannafundir

Starfsmannafundirnir voru 4 á skólaárinu tvo tíma í senn og voru haldnir frá 16.30-18.30. Síðasti fundur vegna sprotasjóðsverkefnisins okkar var 16. október 2019.

5.6 Deildarstjórafundir

Deildarstjórafundir voru haldnir annan hvern föstudag.

5.7 Deildafundir

Grábrók og Baula voru með deildarfundum einu sinni í mánuði og voru þeir yfirleitt á þriðjudögum frá kl 10.00 - 11.30., þá fóru öll börn í útiveru. Skessuhorn var með deildarfundum einu sinni í mánuði.

5.8 Lausnarformisfundir

Lausnarformisfundir eru haldnir annan hvern föstudag. Þá hittast leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri og fara yfir mál einstakra barna og önnur tilfallandi mál sem geta komið upp.

5.9 Mat

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auðga gæði þess og gera það skilvirkara. Mat á innra starfi skólans fer fram á deildastjórafundum, deildafundum og starfsdögum en auk þess fer matið fram í foreldraviðtölum og með rýnihópum barna.

Markmið innra mats, samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra
- Tryggja að starfsemi leikskólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum

Ársskýrsla Leikskólans Uglukletts 2019 – 2020

- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum
- Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.



Listsköpun í náttúrunni, málað með blómum.

5.10 Áætlun um innra mat skólaárið 2019-2020

Mánuður	Hverjir	Endurmat	Ábyrð	Úrvinnsla
sep/okt	Grábrók (fálkar)	Hljóm	/Leikskólastjóri / Sérkennslustjóri	sérkennslustjóri
sep/okt	Foreldrar	Foreldramatsblað sent út til allra foreldra	Aðstoðarleikskólastj.	aðstoðarleikskólastj.
okt	Börn	Börn meta starf leikskólans / útikennsla	Leikskólastj./ deildarstj.	Leikskólastj./ deildarstj.
jan / feb	Grábrók/Baula	Könnun gerð með börnunum um líðan og áhugasvið	Deildarstjórar	Deildarstjórar
Feb	Allir starfsmenn	Starfsmannasamtöl	Leikskólastjóri	Leikskólastjóri
Mars/apríl	Starfsmenn	Starfsmannakönnun / skólapúslinn	Leikskólastjóri	Leikskólastjóri
Mái/júní	Allir starfsmenn	Mat á því sem gert var á síðasta ári og næstu skref	Leikskólastjóri	Leikskólastjóri/ aðstoðarleiksk.
sep/júní	Foreldrasamtöl	Foreldrar boðaðir í samtál eftir Trás. Hálfu ári síðar er þeim boðið upp á annað samtál.	Deildarstjórar	Deildarstjórar
Sep/júní	Börn	Ferilmöppur. Jafnt og þétt sett inn í möppur barnanna	Allir starfsmenn	Deildarstjórar

Áætlun um innra mat

Ytra mat

Í vetur var sótt um að Ugluklettur yrði tekinn út í ytra mati Menntamálaráðuneytisins og sérstaklega yrði lögð áhersla á andann í húsinu. Í svari við umsókninni fékk Ugluklettur neitun en á sumarmánuðum hafði Menntamálaráðuneytið samband aftur og tilkynnti að fjölga ætti leikskólum sem teknir yrðu út og Ugluklettur væri einn af þeim.

6 Sérstakir dagar á skólaárinu 2019/2020

Í Uglukletti er haldið upp á fjölmarga sérstaka daga á hverju skólaári sem er of langt að gera ítarleg skil. Þetta eru dagar eins og; Dagur læsis, alþjóðlegi bangsadagurinn, dagur íslenskrar tungu, afmælisdagur Uglukletts, jólaball, þorrablót, dagur leikskólans, strákakaffi, stelpukaffi, bollu-, sprengi- og öskudagurinn. Einnig eru fjölmargir sérstakir viðburði í skólanum sem eru orðnir hluti af menningu hans, eins og; litadagar, rafmagnslaus dagur, rugldagur, leikfangadagar, íþróttadagur, sauðamessudagur, Eldvarnarvika, náttfatadagur, jólakaffihúsavika, tannverndarvika, gjörningavika, hjóladagar, brákarganga ásamt fjölmörgum öðrum viðburðum sem eru til dæmis tengdir sumarstarfi okkar. Hér verður helstu viðburðum á skólaárinu gerð skil.



Allskyns fjársjóðir í okkar nánasta umhverfi.

6.1 **Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember**

4. bekkur kom í heimsókn og lásu fyrir börnin í leikskólanum. Allir fengu ávexti og sungu saman í salnum, eftir það var farið í útiveru. Alltaf mjög skemmtileg stund.

Dagur mannréttinda barna

Þann 20. Nóvember var dagur mannréttinda barna. Af því tilefni var haldinn barnafundur þar sem jólaballið var rætt og lögðu börnin línurnar um hvernig því yrði háttað þetta árið.

6.2 Jólakaffihúsa-vika 2. – 6. desember

Í jólakaffihúsa-vikunni breytum við einu rými í húsinu í kaffihús skreytt með jólaljósum og jóladóti. Þangað bjóðum við börnunum í litlum hópum, þvert á deildir, að koma í kaffitímanum. Lesin er jólasaga og farið með jólaþulu og boðið upp á alvöru kakó, vöflur og smákökur. Bangsinn Blær er vertinn á þessu kaffihúsi.

6.3 Jólabball 12. desember

Foreldrum er boðið að koma kl. 14.30, þá er salurinn opinn og dansað í kringum jólatréð. Foreldrafélagið hefur haft samband við jólasveininn og koma tveir sveinkar koma ca. kl. 14.20 með gjafir, syngja lög og dansa með.

6.4 Strákakaffi

Er alltaf haldið á bóndadaginn. Þá bjóða börnin öfum, pöbbum, bræðrum og frændum í morgunmat milli 8.00-10.00. Þeim er boðið upp á hafragraut, slátur og kaffisopa.

6.5 Stelpukaffi

Er haldið á föstudeginum fyrir konudaginn. Þá bjóða börnin ömmum, mömmum, systur og frænkum í morgunkaffi milli 8.00-10.00. Þeim er boðið upp á heimabakaðar bollur með tómtum, gúrkum og osti ásamt kaffisopa.

6.6 Útskriftarferð og útskrift Fálkanna

Í útskriftarferðinni fara venjulega börnin og starfsfólk deildarinnar ásamt þeim foreldrum sem hafa tök á að koma með en þetta árið var sá háttur á að einungis starfsmenn og börn fóru. Farið er í rútu upp í Norðurárdal þar sem gengið er upp á Grábrók og farið niður í Paradíslaut. Í Paradíslaut er farið í leiki og borðað nesti. Farið var af stað klukkan 10.00 og komið aftur í leikskólann kl 14.00. Venjulega er útskrift strax eftir útskriftaferðina en þetta árið voru þessir tveir atburðir sitt hvorn daginn. Tekin voru upp myndbandsbrot í ferðina sem sýnd voru í útskrift barnanna sem fór fram í 9.júní. Í útskriftarveislunni sýndu börnin söngatriði og buðu svo foreldrum sínum upp á giffa, kex, kaffi og kakó, þessar veitingar höfðu þau óskað eftir sjálf.

6.7 Brákarganga

Vikuna fyrir Brákarhátíð eru lesnar sögurnar um Egil og fjallað um sögu okkar tengda honum. Lauk því þannig að þrír elstu árgangarnir í leikskólanum fóru í göngutúr niður í bæ í svokallaða Brákargöngu, og heyrði um sögu Egils Skallagrímssonar og sá hvar helstu söguatriði áttu sér stað. Grillað var í Skallagrímgarði og svo tekin rúta heim frá Brákarsundi.



Náttúruskoðun.

7 Heimsóknir

- Haustið 2019 fengum við heimsókn frá samtökunum Play Iceland. Fjórir kennarar frá hinum ýmsu þjóðlöndum heimsóttu okkur hvorn daginn milli klukkan 10 og 14 en markmið þeirra var að fræðast um útinám.
- 18. nóvember komu matráðar af Akranesi í heimsókn til okkar í eldhúsið.

8 Samstarf leik-og grunnskóla

Í Uglukletti er gott samstarf við Grunnskólann í Borgarnesi og leikskólann Klettaborg. Hittast elstu börnin í Uglukletti og Klettaborg einu sinni í viku í íþróttahúsinu og iðka saman íþróttir. Hóparnir hafa einnig hist að vori og sumri til að hrista hópinn saman. Hafa skólarnir gert með sér samstarfsáætlun sem er endurskoðuð ár hvert.

9 Öryggismál

Í leikskólanum er til ferli vegna slysa og slysaárángingar. Starfsfólk fær með reglubundnu millibili námskeið í Skyndihjálpi (2 ára fresti) þar sem kennd eru viðbrögð við algengustu slysum. Haldið var skyndihjálparnámskeið vorið 2018 og því er fyrirhugað námskeið veturinn 2020/2021. Rýmingaráætlun er til, t.d. vegna bruna en brunaæfing fer fram einu sinni á ári og er hún gerð að vori. Skólalóðin er yfirfarin daglega þar sem rýnt er í hættur sem kunna að leynast á lóðinni. Eineltisáætlun?

Slys á börnum – samantekt

Fjöldi skráðra slysa á skólaárinu voru 4. Í þremur tilfellum var um fall að ræða og slys urðu í andliti eða á höfði. Í einu tilfalli var aðskotahlut kastað í andlit barns.

Húsnæði og viðhald

- Settar voru plötur á vegg inni á Grábrók og á ganginum.

- Keypt voru ný þvottavél og þurrkari.
- Starfsfólk bjó til útielldhús eða sulaðstöðu fyrir börnin úti.
- Allur leikskólinn var bónaður í sumarleyfinu.
- Dyttað var að garðinum, hellum bætt í við hliðið í neðri garðinn, borið á tréverk og leiktæki máluð, bætt var í sand og möl.



Margt leynist í moldinni.

10. Covid-19

Samkvæmt gamalli hjátrú er föstudagurinn 13 óhappa dagur. Föstudagurinn 13. mars 2020 byrjaði eins og hver annar föstudagur, en það átti eftir að breytast. Um hádegisbil fór skólastjórnendum þessa lands að berast póstar frá kennarasambandinu, sóttvarnarlækni, heilbrigðisyfirvöldum og skólaskrifstofum. Heimsfaraldur Covid-19 var komið á það stig á Íslandi að allt skólastarf raskaðist og kennarar og skólastjórnendur þurftu að endurskipuleggja skólastarf strax. Heimsfaraldurinn varð þess valdandi að margir hafa tekið störf og verkferla til endurskoðunar og tileinkað sér nýjar hefðir og venjur. Tíminn sem fékkst til þessa verka var enginn, uppskriftin var ekki til, og enginn vissi hvernig útkoman yrði eða hvenær þessu lyki. Þessi tími var mjög flókinn og mörgum erfiður en ýmis tækifæri hafa litið dagsins ljós og eins og Winston Churchill sagði „never let a good crisis go to waste“ þá eru krísutímabil, eins og íslenska orðið gefur til kynna, bara tímabil og það er það hvernig maður vinnur með tímabilinu og hvernig maður nýtir sér það til áframhaldandi verka sem skiptir máli. Það skiptir máli að geta staðið af sér ölduna og lært hvernig best er að standa hana og nýta sér þann lærdóm til þess að halda áfram að verða betri í því sem þú ert að gera.

Frá 16. mars til 4. maí 2020 voru margskonar hömlur á íslensku skólastarfi, bæði leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum og samfélaginu öllu. Hér á eftir er upptalning á þeim dögum og þeim atriðum sem varðaði Ugluklett.

Tímalína vegna Covid – 19

13. janúar

- Tilkynning frá landlækni um hópsýking af lungnabólgu í Kína

29. janúar

- Íslendingar beðnir um að ferðast ekki að óþörfu til Kína

28 febrúar

- Fyrsta tilfelli af Covid-19 á Íslandi.
- Virkjað hættustig almannavarna á Íslandi

13. mars (föstudagur)

- Tilkynning frá ríkisstjórn um að samkomubann verði sett 16. mars
- Auglýsing frá heilbrigðisráðherra sendi til allra skólastofnanna um takmörkun á skólalaldi vegna farsóttar. Í henni stóð: „*Leikskólum er heimilt samkvæmt nánari ákvörðun sveitafélaga, að halda uppi leikskólastarfi að þeim skilyrðum uppfylltum að börn séu í sem minnstu hópum og aðskilin eins og kostur er. Jafnframt skulu gerðar ráðstafanir til að þrifa eða sótthreinsa byggingar eftir hvern dag*“
- Sú ákvörðun var tekin að halda starfsdag mánudaginn 16. mars til að undirbúa og skipuleggja starfið.

16. mars (mánudagur)

- Samkomubann tekur gildi, 2 metra reglan og 100 manns saman
- Í leikskólanum var sent bréf á alla foreldra og þeim kynnt staða mála og biðlað til þeirra að ef einhver hefði tök á að hafa barnið sitt heima þá yrði það vel þegið. Margri gerðu það.
- Leikskólagjöld voru felld niður þá daga sem barnið mætti ekki.
- Opnunartími leikskólans breyttist í 8.00-16.00 til að koma til móts við kröfur um sótthreinsun á húsnæði.
- Tekið var á móti börnunum við „svaladyr“ hveppar deildar og börnunum skilað út (foreldrar komu ekki inn í húsið).

21. mars (laugadagur)

- Eiginmaður starfsmanns í Uglukletti greinist með veiruna. Starfsmaðurinn er með einkenni og fer í sóttkví. Aðrir starfsmenn sem höfðu verið í í minna en 2 metra fjarlægð í meira en 15 mínútur við starfsmanninn fara í sóttkví þangað til starfsmaðurinn fær niðurstöðurnar sínar. Alls voru það 7 starfsmenn í Uglukletti.

22. mars (sunnudagur)

- 2 metra reglan 20 manna samkomubann
- Klukkan 22.00 kom niðurstaða fyrir starfsmanninn og var hann jákvæður (með smit)
- Allir 7 starfsmennirnir sem höfðu verið í biðsóttkví fóru í 14 daga sóttkví. Þess má geta að enginn af þeim var smitaður.
- Ákveðið var í samvinnu við sóttvarnalæknir, heilbrigðisstofnun Vesturlands og öryggisteymi Borgarbyggðar að leikskólanum Uglukletti skyldi lokað þangað til önnur ákvörðun yrði tekin.

Ársskýrsla Leikskólans Uglukletts 2019 – 2020

- Öllum foreldrum sendur póstur um stöðuna
- Tilkynning hengd á hurðar í Uglukletti

26. mars (fimmtudagur)

- Ugluklettur sóttreinsaður

Vikan 30. mars – 3. Apríl

- Ugluklettur opnar aftur eftir viku lokun
- Einungis opið fyrir forgangshópa
- Börnunum skipt upp í þrjár hópa sem ekkert hittast
- Starfsmönnum skipt í tvo hópa sem mæta annan hvorn dag og eru í þrem hólfum innan hvers hóps.

Dymbilvika 6 – 8 apríl

- Skipulagið er eins og vikuna á undan.

Vikurnar 13 – 1 maí

- Forgangshópar mæta alla daga
- Þeim börnum sem vilja, boðið að koma í leikskólann og hvern og einn kom annan hvorn dag.
- Starfsmenn mæta áfram annan hvorn dag

4. maí (mánudagur)

- Tilmæli tóku gildi um að leikskólar mega starfa með hefðbundnum hætti
- Áfram í gildi sóttvarnarráðstafanir varðandi hreinlæti, sóttreinsun og aðgengi fullorðinna að leikskólanum
- Opnunartími breytist aftur í 07:45-16:00



Elstu börnin söfnuðu flöskum í göngutúrum vetrarins, í júní fóru þau með flöskurnar í endurvinnsluna og gáfu UNICEF afraksturinn.

11 Lokaorð

Við lok skólársins 2019-2020 kemur margt upp í hugann, þó að eitt standi upp úr. Því verður ekki neitað að heimsfaraldur Covid-19 setti mark sitt á árið og óhjákvæmilega verður skólaárinu ávallt minnst fyrir þær sakir. Eins er þetta árið þar sem við fengum vond veður og einn daginn voru foreldrar beðnir að sækja börnin sín fyrr þar sem verðir var það vont. Það er í fyrsta skipti sem sá háttur hefur verið hafður á. Þó bera að gleðjast yfir mörgum hlutum. Skólaárið einkenndist af mjög þéttum starfsmannahóp sem var staðráðin í að láta hlutina ganga þrátt fyrir skrítna tíma og eiga starfsmenn þakkir skyldar fyrir þeirra jákvæðni og lausnarmiðaða viðhorf. Eins bera að þakka foreldrum sem sýndu ótrúlegan samstarfsvilja og skilning á þessum skrítnu tímum.

Þetta er þriðja skólaárið okkar sem við erum að vinna með námsáætluirnar okkar og hefur okkur borið gæfa til þess að þróa þær áfram og gera þær þannig úr garði að þær eru orðnar eitt af mikilvægum tækjum sem við vinnum með. Mikil ánægja er með þær meðal starfsmanna þar sem þær skýra og halda utanum allt það starf sem við viljum vinna að.



Við hlökkum til komandi skólaárs og að takast á við þær áskoranir sem það veitir okkur.

Kristín Gísladóttir leikskólastjóri